



Hempadur Epoxy þykkmálning

Vörunr. 4514

Lýsing

Hempadur Epoxy þykkmálning (4514) er tvíþátta epoxýmálning, með mikið vatns- og efnaþol. Hún vætir mjög vel og myndar harða og slitsterka málningarfilmu og þolir vel sjó, alifatísk leysiefni, jarðolíur o.fl. Hempadur Epoxy þykkmálning (4514) skal ávallt blanda fyrir notkun með Herði 9743 í rúmmálshlutföllunum 3 á móti 1.

Notkun

Hempadur Epoxy þykkmálning (4514) er notuð sem grunnur, milli- eða lokayfirferð í m.a. Hempadur- og Hempaþanmálningarkerfum. Þessi málning er mikið notuð til viðhalds við hitastig frá -10 °C til +15 °C, þar sem óskað er eftir eiginleikum epoxýmálningar en nauðsynlegri undirbúningsvinnu verður ekki við komið. Vegna lágs innihalds sterkra leysiefna hentar málningin vel til endurmálunar á flötum máluðum með ýmsum öðrum málningartegundum. Þykkmálningin hentar einnig á steinsteypu.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Staðallitir	Eðlisþyngd: 1,3 kg/l
Gljástig: Háflglansandi	Þurrefni: 60 % (rúmmál)
Pakkningar: 1, 5 og 20 lítra	Þynnir: Þynnir nr. 845
Efnisnotkun: 4 m ² /l - 150 µm þurrfilma	Áhaldahreinsir: Þynnir nr. 845
Notkunartími: 2 (sprauta) og 4 (pensill) klst (15°C)	Þurrktími: 11 klst við 5 °C

Undirmálning

Notið Hempadur grunna, en í mörgum tilfellum þarf engan grunn.

Yfirmálning

Málið yfir Hempadur Epoxy þykkmálningu (4514) með epoxý, pólýúreþan, vínýl og akrýl málningarefnum.

Yfirmálunartími (10°C):	Lágmark	Hámark
Hempatex (4633, 4641, og 5636)	6 klst	15-20 klst
Hempadur	8 klst	Ekkert
Hempaþan (5510 og 5521)	8 klst	20 dagar
Hjörvi og Hemukrýl (5810)	12 klst	6 dagar

Áhöld

Pensill og loftlaus sprauta. Það má að hámarki þynna málninguna um 5 %. Spíssvið í loftlausri sprautun er 0.019"-0.023" og þrýstingur 250 bör. Hreinsið áhöld með Þynni nr. 0845 eða Hempels áhaldahreinsi (9961) strax að lokinni notkun.

Vinnutilhögun

Fjarlægjið olíu, fitu, sölt og önnur óhreinindi af fletinum, sem á að mála, með þar til gerðum efnum, t.d. Hempel olíuhreinsi (9933). Skolið síðan vel með vatni. Háþrýstipvottur gefur bestan árangur.

Nýmálun

Stál skal sandblásið í Sa 2½. Notið viðeigandi smíðagrunn ef þörf krefur.

Steinsteypa skal grunuð með Hempadur Epoxy festi (0597) og skal fylgja leiðbeiningum um undirbúningsvinnu fyrir hann.

Endurmálun

Sandblásið í Sa 2-2½ eða hreinsið með handverkfærum í St 3. Snyrtið vel brúnir svæða þar sem málning hefur losnað frá. Blettið síðan þar til fullri filmuþykkt hefur verið náð. Einnig er hægt að hreinsa flötinn með vatnsháþrýstiblæstri að hreinleika WJ-3 eða WJ-2 og með skyndiryð að FR-1 eða í versta falli FR-2. Málið síðan flötinn með þykkmálningunni. Best er að yfirmála málninguna á meðan hún er enn klistrandi. Ef farið er yfir yfirmálunartíma þá getur verið nauðsynlegt að hrjúfa flötinn.


Athugasemdir

- Ef málningarvinnan fer fram við hærri hitastig en 15 °C þá skal nota Herði 9782 í stað Herðis 9743. Hafið samband við starfsmenn Slippfélagsins í slíkum tilvikum.
- Hempadur 4514 þolir hita í þurru lofti allt að 150 °C og allt að 40 °C í vatni.
- Mögulegt er að nota málninguna í öðrum þykktum en 150 µm. Sé filmuþykkt breytt eða málning þynnt, breytast tölur um áætlaða efnisnotkun og þurrktíma.
- Ef málningarhitastigið er fyrir neðan 10 °C er mælt með því að blanda stofni og herði saman ½ klst fyrir notkun.

Varúðarmerkingar


Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.

Hempadur epoxy-þykkmálning (3 hlutar)



Inniheldur meðalmólþ. epoxýkvoðu, bisfenól A og xylen. Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Ertir augu og húð. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Herðir 9743 (1 hlutur)



Inniheldur bútanól, tríetýlentetramín og xylen. Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Ertir húð. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Varist snertingu við húð og augu. Notið viðeigandi hlífðarfatnað og hlífðarhanska. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.